



Nemendakönnun
Lokaskýrsla
skólaárið 2010-2011

Gunnhildur Harðardóttir
Helena Katrín Hjaltadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Heildarniðurstöður	4
Samantekt	20
Umbótaáætlun	21

Inngangur

Eitt af því sem grunnskólum landsins ber að framkvæma er svonefnt innra mat. Þá eru hinir ýmsu þættir skólastarfsins metnir kerfisbundið, reynt er að finna hver staðan er og hvað megi bæta. Margt að því sem velta þarf fyrir sér í matsferlinu er þess eðlis að leita verður til nemenda um svör. Með því að svara könnuninni gefst nemendum einnig kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri.

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í Lágafellsskóla dagana 19. og 20. maí 2011. Náms- og starfsráðgjafi, deildarstjóri sérkennslu og mats og deildarstjóri verkefna lögðu könnunina fyrir nemendur og báru ábyrgð á vinnu hennar og framkvæmd. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum.

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey. Foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Nemendafjöldi í 4.-10. bekk þegar könnunin var lögð fyrir var 471 nemandi. Svarendur voru 444 eða 94,3%. Kynjahlutfall í þessum árgöngum er 46,9% stelpur og 53,1% drengir. Könnunin inniheldur 41 spurningu og þar af eru sex opnar spurningar. Tafla 1 sýnir skiptingu nemenda eftir árgöngum (sjá töflu 1).

Tafla 1. Skipting nemenda sem svöruðu könnuninni eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	%
4. bekkur	63	14,9%
5. bekkur	80	18,02%
6. bekkur	68	15,32%
7. bekkur	60	13,51%
8. bekkur	62	13,96%
9. bekkur	45	10,14%
10. bekkur	66	10,14%
Samtals	444	100%

Heildarniðurstöður

Eftirfarandi eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar fyrir sig. Tekinn er fram heildarfjöldi svara fyrir hverja spurningu auk svara nemenda eftir því hvort þeir tilheyra 4.-7. bekk eða 8.-10 bekk.

Þegar nemendur voru spurðir um hversu áhugasamir þeir voru um námið kom í ljós að tæp 72% nemenda sögðust hafa mjög mikinn eða mikinn áhuga á náminu, tæp 4% nemenda sögðust hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga á náminu. Af þeim nemendum sem hafa mjög mikinn eða mikinn áhuga eru fleiri á yngri stigum en unglíngastigi (sjá töflu 2).

Tafla 2. Hversu áhugasamur/áhugasöm ertu um námið þitt?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög mikið	27,70%	29,15%	25,43%
Frekar mikið	44,14%	43,91%	44,51%
Hvorki lítið né mikið	24,32%	21,77%	28,32%
Frekar lítið	2,25%	2,95%	1,16%
Mjög lítið	1,58%	2,21%	0,58%

Nemendur voru spurðir hvort þeir ynnu eins vel og þeir gætu í skólanum. Ef svör allra árganga eru skoðuð þá kemur í ljós 55,2% telja að þeir vinni alltaf vel (sjá töflu 3).

Tafla 3. Vinnur þú eins vel og þú getur í skólanum?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Alltaf	55,18%	57,93%	50,87%
Stundum	44,59%	41,70%	49,13%
Aldrei	0,23%	0,37%	0%

Þegar skoðað er hvort nemendur telji að kennarar hvetji þá við námið kemur í ljós að þriðjungur telur svo vera alltaf en tæp 64% stundum. Fleiri nemendur á yngri stigum telja kennara hvetja sig alltaf til náms en á unglíngastigi. Fleiri nemendum á unglíngastigi finnst

kennarar hvetja sig stundum til náms en á yngri stigum. Innan við 3% nemenda í 4. – 10. bekk telja kennara aldrei hvetja þá til náms (sjá töflu 4).

Tafla 4. Hvetja kennararnir þínir þig við námið?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Alltaf	33,53%	43,54%	33,53%
Stundum	63,58%	51,29%	63,58%
Aldrei	2,89%	5,17%	2,89%

Rúmlega helmingi nemenda finnst vinnan þeirra í skólanum vera hæfileg. Nemendur á yngri stigum telja frekar en nemendur á unglíngastig vinnuna sína í skólanum vera mjög eða frekar auðveld (sjá töflu 5).

Tafla 5. Hvað finnst þér um vinnuna þína í skólanum?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög auðveld	9,68%	12,55%	5,20%
Frekar auðveld	27,03%	30,63%	21,39%
Hæfileg	57,21%	52,03%	65,32%
Frekar erfið	5,63%	4,06%	8,09%
Mjög erfið	0,45%	0,74%	0,00%

Þegar nemendur voru spurðir hversu mikil þeim þætti heimavinna þeirra vera kom í ljós að tæp 50% nemenda þykir hún hæfileg en rúmlega 39% þykir hún vera mikil eða of mikil. Fleiri nemendum á unglíngastigi fannst heimavinnan vera mikil eða of mikil en á yngri stigum (sjá töflu 6).

Tafla 6. Hversu mikil finnst þér heimavinnan þín vera?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Of mikil	15,09%	12,55%	19,08%
Mikil	24,32%	19,19%	32,37%
Hæfileg	49,10%	53,51%	42,20%
Lítill	9,68%	12,18%	5,78%
Of lítill	1,80%	2,58%	0,58%

Nemendur eru stundum kvíðnir fyrir próf og á það frekar við nemendur á yngri stigum en á unglíngastigi. Um 21% nemenda segjast aldrei vera kvíðnir fyrir próf og er það svipað á öllum stigum (sjá töflu 7).

Tafla 7. Ertu kvíðin/n fyrir próf?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Alltaf	14,64%	12,55%	17,92%
Stundum	61,26%	63,10%	58,38%
Aldrei	21,10%	24,35%	23,70%

Nálægt 90% nemenda telja að allir eða flestir kennarar komi fram við þá af virðingu. Fleiri nemendur á yngri stigum en unglíngastigi telja að allir kennara komi fram við þá af virðingu en fleiri unglíngar en nemendur í 4.-7. bekk segja að flestir kennarar komi fram við þá af virðingu (sjá töflu 8). Svipuð niðurstaða kom fram þegar nemendur voru spurðir hvort annað starfsfólk en kennarar kæmi fram við þá af virðingu (sjá töflu 9).

Tafla 8. Koma kennararnir fram við þig af virðingu?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Allir	45,27%	51,66%	35,26%
Flestir	44,59%	40,22%	51,45%
Fáir	8,78%	7,38%	10,98%
Engir	1,35%	0,74%	2,31%

Tafla 9. Kemur annað starfsfólk en kennarar fram við þig af virðingu?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Allir	38,51%	43,54%	30,64%
Flestir	50,45%	45,76%	57,80%
Fáir	8,78%	9,23%	8,09%
Engir	2,25%	1,48%	3,47%

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir kæmu fram við kennara af virðingu sagðist nær 97% nemenda svo vera (sjá töflu 10). Sama á við er nemendur voru spurðir um framkomu þeirra við annað starfsfólk en kennara (sjá töflu 11).

Tafla 10. Kemur þú fram við kennarana af virðingu?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Alla	70,27%	78,97%	56,65%
Flesta	26,58%	18,82%	38,73%
Fáa	2,48%	1,85%	3,47%
Enga	0,68%	0,37%	1,16%

Tafla 11. Kemur þú fram við annað starfsfólk en kennarana af virðingu?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Alla	71,40%	77,49%	61,85%
Flesta	24,77%	19,93%	32,37%
Fáa	3,15%	2,21%	4,62%
Enga	0,68%	37,00%	1,16%

Nemendur voru spurðir hversu mikil áhrif þeir gætu haft á hvaða vinnuaðferðir eru notaðar í einstökum námsgreinum. Um 40% nemenda töldu sig geta haft mjög mikil eða frekar mikil áhrif á hvaða vinnuaðferðir væru notaðar en fleiri nemendur á yngri stigum en unglíngastigi töldu sig geta haft áhrif á vinnuaðferðir. Innan við 10% nemenda taldi sig hafa frekar lítil eða mjög lítil áhrif á vinnuaðferðir (sjá töflu 12).

Tafla 12. Hversu mikil áhrif getur þú haft á það hvaða vinnuaðferðir eru notaðar í einstökum námsgreinum?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög mikil	13,06%	15,87%	8,67%
Frekar mikil	26,35%	28,41%	23,12%
Hæfileg	37,61%	35,42%	41,04%
Frekar lítil	5,41%	4,43%	6,94%
Mjög lítil	4,50%	3,32%	6,36%
Hef ekki myndað mér skoðun	13,06%	12,55%	13,87%

Tæplega 46% nemenda telja að þeir geti leitað til stjórnenda skólans ef þeir þyrftu á því að halda en um 6% sögðu að þeir gætu það ekki. Aðrir höfðu ekki þurft að leita til stjórnenda. Fleiri nemendur á yngri stigum heldur en á unglíngastigi sögðust ekki geta leitað til stjórnenda þegar á þyrfti að halda (sjá mynd 1).



Mynd 1. Hefur þú tækifæri til að leita til stjórnenda skólans þegar þú þarft á því að halda?


Rúmlega 42% nemenda telja að þeir geti leitað til námsráðgjafa skólans ef þeir þyrftu á því að halda en um 6% sögðu að þeir gætu það ekki. Aðrir höfðu ekki þurft að leita til námsráðgjafa. Fleiri nemendur á yngri stigum en unglingastigi telja sig ekki getað leitað til námsráðgjafa ef þeir þyrftu á því að halda (sjá mynd 2).



Mynd 2. Hefur þú tækifæri til að leita til námsráðgjafa skólans þegar þú þarft á því að halda?

Rúmlega 77% nemenda telja að þeir geti leitað til hjúkrunarfræðings skólans ef þeir þyrftu á því að halda en um 9% sögðu að þeir gætu það ekki. Aðrir höfðu ekki þurft að leita til

hjúkrunarfræðings. Fleiri nemendur á unglíngastigi en á yngri stigum telja sig ekki getað leitað til hjúkrunarfræðings ef þeir þyrftu á því að halda (sjá mynd 3).




Mynd 3. Hefur þú tækifæri til að leita til hjúkrunarfræðings skólans þegar þú þarft á því að halda?

Almennt finnst nemendum skólinn þeirra vera snyrtilegur. En 15% nemenda á unglíngastigi telja skólann sinn aldrei vera snyrtilegan en þá skoðun hafa 9% nemenda á yngri stigum (sjá töflu 13).

Tafla 13. Finnst þér skólinn þinn vera snyrtilegur?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Alltaf	22.07%	23.99%	19.08%
Stundum	67.12%	67.53%	66.47%
Aldrei	10.81%	8.49%	14.45%

Nemendur voru spurðir út í þjónustu á bókasafni skólans. Niðurstöður sýndu að flestir nemendur telja sig stundum geta leitað sér aðstoðar á bókasafni skólans. Fleiri nemendur á yngri stigum en unglíngastigi telja sig alltaf getað leitað sér aðstoðar á bókasafni skólans. Um 13% nemenda telja sig aldrei getað leitað eftir á aðstoð á bókasafninu (Sjá mynd 4).



Mynd 4. Getur þú leitað þér aðstoðar á bókasafni skólans?

Yfir helmingur nemenda telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt mjög góð eða góð. Nemendur á yngri stigum telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu betri heldur en nemendur á unglingastigi. Um 70% nemenda á yngri stigum telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt góð eða mjög góð en 56% nemenda á unglingastigi. Fleiri nemendum á unglingastigi en nemendum á yngri stigum finnst samskipti nemenda og starfsmanna almennt vera mjög slæm eða slæm. Rúm 6% nemenda á unglingastigi telja svo vera en 4% nemenda á yngri stigum (sjá töflu 14).

Tafla 14. Hvernig telur þú að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt í skólanum?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög góð	18,92%	25,09%	9,25%
Góð	45,50%	44,65%	46,82%
Sæmileg	30,63%	26,20%	37,57%
Slæm	3,60%	2,58%	5,20%
Mjög slæm	1,35%	1,48%	1,16%

Almennt telja nemendur að samskipti þeirra við umsjónarkennara séu mjög góð eða góð. Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir stigum kemur í ljós að fleiri nemendur á yngri stigum en unglingastigi telja svo vera eða 88% nemenda á yngri stigum en 79% á unglingastigi. Um 5% nemenda á unglingastigi telja samskipti við umsjónarkennara vera slæm eða mjög slæm en tæp 3% nemenda á yngri stigum (sjá töflu 15).

Tafla 15. Hvernig eru samskipti þín við umsjónarkennara þinn?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög góð	55,63%	61,25%	46,82.%
Góð	29,28%	27,31%	32,37%
Sæmileg	11,49%	8,86%	15,61%
Slæm	1,35%	0,74%	2,31%
Mjög slæm	2,25%	1,85%	2,89%

Um 30% nemenda segjast nota heimasíðu skólans mjög mikið eða mikið. Ef notkunin er skoðuð eftir stigum þá kemur í ljós að nemendur á yngri stigum nota heimasíðuna meira en nemendur á unglingastigi. Helmingur nemenda á unglingastigi segjast nota heimasíðu skólans mjög lítið eða ekkert en 35% nemenda á yngri stigum segja svo vera (sjá mynd 5).

**Mynd 5.** Hversu mikið nýtir þú þér heimasíðu skólans?

Nemendur voru spurðir hversu mikið þeir notuðu Mentor (sjá töflu 16). Nemendur á unglingastigi nota Mentor mun meira en nemendur á yngri stigum. Um 67% nemenda á unglingastigi segjast fara daglega inn á Mentor en rúmlega 13% nemenda á yngri stigum. Um 8% nemenda á unglingastigi fara sjaldnar en einu sinni í viku eða hafa ekki aðgang að Mentor en um helmingur nemenda á yngri stigum.

Tafla 16. Hversu mikið notar þú Mentor?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Daglega	34,23%	13,28%	67,05%
1 - 3 í viku	31,31%	35,42%	24,86%
Sjaldnar en einu sinni í viku	24,32%	36,00%	5,78%
Hef ekki aðgang að Mentor	10,14%	15,13%	2,31%

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir gætu treyst því að kennarar skrái heimavinnuna í Mentor sögðu rúm 22% nemenda á unglíngastigi alltaf geta treyst á það en tæp 72% stundum. Hins vegar sögðu tæp 60% nemenda á yngri stigum alltaf geta treyst því en tæp 34% stundum. Innan við 5% sögðust aldrei geta treyst því (sjá töflu 17).

Tafla 17. Getur þú treyst á að kennarar skrái heimavinnuna í Mentor?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Alltaf	45,05%	59,41%	22,54%
Stundum	48,65%	33,95%	71,68%
Aldrei	3,60%	2,95%	4,62%
Hef ekki aðgang að Mentor	2,70%	3,69%	1,16%

Er nemendur voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með Leiðsagnarmatið sem notað var við námsmat í janúar kom í ljós að rúmlega 58% þeirra voru mjög ánægðir eða ánægðir með matið. Hlutfall þeirra sem svöruðu því til að þeir væru óánægðir eða mjög óánægðir var 8,56%. Hlutfall nemenda á unglíngastigi sem voru mjög ánægðir og ánægðir með Leiðsagnarmatið var tæplega 39% en rúmlega 70% nemenda í 4. -7. bekk. Tæplega 51% nemenda unglíngastigs sem tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og tæplega 22% nemenda í 4. -7. bekk. Hærra hlutfall nemenda voru óánægðir eða mjög óánægðir með Leiðsagnarmatið heldur en nemendur á yngri stigum, því svöruðu rúmlega 10% nemenda unglíngastigs en rúmlega 7% nemenda í 4. -7. bekk.

Tafla 18. Hversu ánægð/ur ertu með Leiðsagnarmatið sem notað var við námsmat og sjálfsmat nemenda í janúar?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög ánægð/ur	23,87%	33,58%	8,67%
Ánægð/ur	34,46%	37,27%	30,06%
Hvorki ánægð/ur né óánægður	33,11%	21,77%	50,87%
Óánægður	3,83%	3,32%	4,62%
Mjög óánægður	4,73%	4,06%	5,78%

Nemendur voru spurðir hvort þeir þyrftu aðstoð við heimanámið og kom fram að rúmlega 7% nemenda þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð, rúmlega 28% hæfilega mikla og 47,5% þurfa litla eða mjög litla aðstoð. Tæplega 17% nemenda segjast ekki þurfa neina aðstoð við heimanám sitt. Séu niðurstöðurnar skoðaðar eftir stigum virðast sem örlítið fleiri þurfi mikla eða mjög mikla aðstoð á yngri stigum eða tæplega 9% en rúmlega 5% nemenda unglingastigs. Tæplega 31% nemenda í 4. -7. bekk töldu sig þurfa hæfilega mikla aðstoð en tæplega 25% nemenda unglingastigs. Fleiri nemendur á unglingastigi telja sig ekki þurfa neina aðstoð við heimanám sitt eða 26,5% en rúmlega 10% svöruðu því til á yngri stigum.

**Mynd 6.** Þarftu aðstoð við heimanámið?


Nemendur voru spurðir hversu vel þeir þekkja efni Uppbyggingarstefnunnar sem Lágafellsskóli vinnur eftir. Um 29% nemenda taldi sig þekkja efni stefnunnar mjög vel eða vel. Tæplega helmingur nemenda taldi sig hafa litla eða mjög litla þekkingu á efni hennar.

Séu niðurstöður spurningarinnar skoðaðar eftir aldurstigi kemur í ljós að nemendur í 4. -7. bekk virðast þekkja stefnuna mun betur en nemendur unglíngastígs. Af yngri nemendum svöruðu tæplega 41% því til að þekkja efni stefnunnar mjög vel eða vel en aðeins 10,41% nemenda unglíngastígs. Rúmlega 38% nemenda í 4. -7. bekk telja sig þekkja lítið eða mjög lítið til stefnunnar en er það hlutfall mun hærra meðal nemenda á unglíngastigi eða rúmlega 66%.



Mynd 7. Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar. Hversu vel þekkir þú efni Uppbyggingarstefnunnar?

Þegar nemendur voru spurðir hvernig þeir telja að aginn sé í skólanum kom fram að niðurstöður milli aldurstíga voru nokkuð svipaðar. Tæplega 24% nemenda telja að aginn sé of mikill eða mikill, rúmlega 59% þykja hann hæfilegur og rúmlega 17% telja agann lítinn eða of lítinn.



Mynd 8. Hvernig telur þú að aginn sé í skólanum?

Spurt var hversu ánægðir nemendur væru með mötuneyti skólans en þar svöruðu 11,5% því til að þeir væru ekki skráðir í mötuneytið. Tæplega 48% voru mjög ánægðir eða ánægðir, rúmlega 30% töldu það í lagi en 10,5% svöruðu því til að þeir væru óánægðir eða mjög óánægðir með mötuneytið.

Tafla 19. Hversu ánægð/ur ertu með mötuneytið?


	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Er ekki skráð/ur í mötuneytið	11,49%	9,59%	14,45%
Mjög ánægð/ur	26,80%	27,31%	26,01%
Ánægð/ur	20,95%	21,40%	20,33%
Í lagi	30,18%	31,73%	27,75%
Óánægður	4,73%	4,80%	4,62%
Mjög óánægður	5,86%	5,17%	6,94%

Nemendur voru spurðir hvort þeir myndu nýta sér ef í boði væri að kaupa 10 miða kort í mötuneytinu fremur en mánaðaráskrift og kom í ljós að rúmlega 60% nemenda á unglíngastigi myndi nýta sér þann möguleika.

Tafla 20. Ef nemendur á unglingastigi (8. - 10. bekkur) gætu keypt 10 miða í mötuneytinu þar sem máltíðin kostar kr. 350, myndir þú nýta þér það frekar en mánaðaráskrift?

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Já	30,86%	12,18%	60,12%
Nei	21,40%	10,33%	38,73%
Ég er ekki nemandi á unglingastigi	47,75%	77,49%	1,16%

Þegar nemendur voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með Lágafellsskóla kom fram að rúmlega 81% voru mjög ánægðir eða ánægðir með skólann. Óánægðir eða mjög óánægðir voru rúmlega 5% (sjá mynd 9).

**Mynd 9.** Hversu ánægð/ur ertu með Lágafellsskóla?

Næstu spurningar varða fullyrðingar sem finna má í skólanámskrá skólans.

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni: „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“. Í ljós kom að rúmlega 68% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni, rúmlega 16% voru ósammála eða mjög ósammála og rúmlega 15% tóku ekki afstöðu. Heldur fleiri nemendur í 4. -7. bekk voru sammála eða mjög sammála eða rúmlega 77% en tæplega 55% nemenda unglingastigs.

Tafla 21. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	19,14%	26,20%	8,09%
Sammála	49,32%	50,92%	46,82%
Ósammála	11,94%	8,12%	17,92%
Mjög ósammála	4,50%	2,95%	6,94%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	15,09%	11,81%	20,23%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þær væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“. Í ljós kom að tæplega 63% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og rúmlega 21% voru ósammála eða mjög ósammála. Aðeins fleiri voru sammála eða mjög sammála á yngri stigum eða tæplega 69% en rúmlega 53% á unglingastigi.

Tafla 22. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	15,54%	19,19%	9,83%
Sammála	47,07%	49,45%	43,35%
Ósammála	16,89%	14,39%	20,81%
Mjög ósammála	4,28%	2,95%	6,36%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	16,22%	14,02%	19,65%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“. Í ljós kom að tæplega 64% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni, rúmlega 23% voru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur voru sammála fullyrðingunni í 4. -7. bekk eða rúmlega 67% en tæplega 59% nemenda unglingastigs.

Tafla 23. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	13,06%	15,87%	8,67%
Sammála	50,90%	51,29%	50,29%
Ósammála	17,57%	15,50%	20,81%
Mjög ósammála	5,63%	5,54%	5,78%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	12,84%	11,81%	14,45%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Svörin gefa til kynna að rúmlega 73% nemenda sé mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og tæplega 16% sé ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur á yngri stigum voru mjög sammála eða sammála eða rúmlega 78% en rúmlega 65% nemenda á unglingsstigi.

Tafla 24. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	22,75%	28,41%	13,87%
Sammála	50,45%	49,82%	51,45%
Ósammála	11,94%	8,12%	17,92%
Mjög ósammála	3,83%	3,32%	4,62%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	11,04%	10,33%	12,14%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“. Í ljós kom að 83,5% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni en tæplega 8% voru ósammála eða mjög ósammála. Hærra hlutfall nemenda á yngri stigum var mjög sammála eða sammála eða rúmlega 87% en rúmlega 78% nemenda á unglingsstigi.

Tafla 25. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu

	Heildarfjöldi	4.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	29,73%	36,16%	19,65%
Sammála	53,83%	50,92%	58,38%
Ósammála	4,95%	4,80%	5,20%
Mjög ósammála	2,70%	2,58%	2,89%
Hef ekki myndað mér skoðun á því	8,78%	5,54%	13,87%

Samantekt

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun þeirri sem skólinn hefur sett sér til næstu fimm ára er gengið út frá því að nemendakönnun sé lögð fyrir nemendur 4. 7. og 10. bekkjar árlega. Í ár var þó ákveðið að leggja könnunina fyrir alla nemendur 4.-10. bekkjar þar sem ekki hefur áður verið lögð nemendakönnun fyrir nemendur skólans. Var það gert með það að markmiði að öðlast betri yfirsýn yfir skoðanir nemenda og upplifanir af skólastarfinu. Kannanir með sambærilegum spurningum hafa verið lagðar fyrir aðra hópa skólasamfélagsins svo sem foreldra og starfsmenn með það að leiðarljósi að skoða ákveðna þætti skólastarfsins út frá öllum hliðum. Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að 81,08% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun og lítur að ánægju nemenda er 80%. Tæplega 90% nemenda telja starfsfólk skólans koma fram við þá af virðingu og rúmlega 96% nemenda telja sig sýna starfsfólki skólans virðingu í samskiptum. Um 85% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð. Í ljós kom að nemendur telja sig hafa greiðan aðgang að stjórnendum og stoðkerfi skólans en tæplega helmingur nemenda hefur þó aldrei þurft að leita til stjórnenda og rúmlega helmingur hefur ekki þurft á aðstoð námsráðgjafa að halda. Nemendur voru spurðir um ánægju sína með Leiðsagnarmatið sem notað var við námsmat og sjálfsmat nemenda síðastliðinn vetur. Niðurstöður sýndu að rúmlega 58% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með matið en aðeins 8,5% eru óánægðir eða mjög óánægðir en rúmlega 33% taka ekki afstöðu til þess. Þessar tölur sýna að nemendur hafa tekið vel á móti nýjungum í námsmati og gefur það tilefni til frekari þróunar á því sviði.

Niðurstöðurnar gáfu einnig mikilvægar upplýsingar varðandi margt sem betur má fara og einfalt er að bæta. Í svörum nemenda við opnum spurningum kemur fram að margir telja þrífum á skólahúsnæði ábótavant. Þá telja nemendur einnig að til bóta væri að starfsfólk mötuneytis notaði hárnét og hanska við framreiðslu máltíða. Fram kom að rúmlega 60% nemenda á unglíngastigi myndu nýta sér miðakerfi með stökum máltíðum fremur en mánaðaráskrift í mötuneyti ef það væri í boði.

Fram kom að tæplega 76% nemenda finna fyrir prófkvíða alltaf eða stundum en það hlutfall er eins hvort sem skoðaðar eru niðurstöður fyrir unglíngastig eða yngri stig skólans.

Þetta er athyglisvert í ljósi þess sem fram hefur komið að rúmlega helmingur nemenda nýti sér ekki þjónustu námsráðgjafa en tölur um prófkvíða nemenda gefa tilefni til að ætla að mun fleiri þyrftu að nýta sér þjónustu hans.

Þegar spurt var um notkun nemenda á heimasíðu skólans kom í ljós að aðeins tæplega 30% nemenda nýta sér hana mjög mikið eða mikið og 20% svara því til að þeir noti heimsíðuna aldrei. Á heimsíðu skólans liggja miklar og gagnlega upplýsingar fyrir nemendur og því eru þessar tölur umhugsunarverðar. Könnuð var notkun nemenda á Mentor og leiddu svörin í ljós að rúmlega 67% nemenda á unglingastigi nota Mentor daglega en einungis rúmlega 13% nemenda á yngri stigum. Þessar niðurstöður ber þó að skoða með það í huga að við fyrirlögn könnunarinnar kom fram hjá allmörgum svarendum yngri stiga að foreldrar þeirra nýti sinn aðgang en nemendurnir sjálfir þekki ekki sitt aðgangsorð.

Þar sem Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar var skoðað sérstaklega hversu vel nemendur þekkja efni hennar. Í ljós kom að aðeins rúmlega 29% nemenda þekkja mjög vel eða vel til Uppbyggingarstefnunnar en það hlutfall er aðeins rúmlega 10% séu niðurstöður fyrir unglingastig skoðaðar og rúmlega 41% nemenda á yngri stigum. Um 66% nemenda á unglingastigi segjast þekkja lítið eða mjög lítið til stefnunnar en rúmlega 38% nemenda á yngri stigum. Við lestur þessara niðurstaðna þarf þó að hafa í huga að nemendur á yngri stigum virtust ekki þekkja hugtakið Uppbyggingarstefna og þurftu í mjög mörgum tilvikum að útskýra við hvað væri átt. Að sama skapi ber að skoða niðurstöður við spurningum um aga í skólanum og áhrif þeirra á vinnuaðferðir í kennslustundum með það í huga að nemendur á yngri stigum voru mjög óvissir um þýðingu hugtakanna agi og vinnuaðferðir.

Umbótaáætlun

Ljóst er að þær upplýsingar sem fram hafa komið varðandi skoðanir nemenda á skólastarfinu í heild nýtast skólanum vel til áframhaldandi þróunarstarfs innan skólans. Að gerð umbótaáætlunar komu allir starfsmenn skólans og var farið í þá vinnu á haustdögum 2011.

Umbótaáætlun

Markmið:	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón
Bæta aðstöðu nemenda og skólastarfið	Nemendakönnun að ári	Stjórnendur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<ul style="list-style-type: none"> Bæta þrif á skólahúsnæði (gólf, matsalur) 	Stjórnendur/skólaliðar	Lokið	Endurskipulagning á þrifum. Bóna reglulega	Eftirfylgni stjórnenda og húsvarðar /Niðurstöður nemendakönnunar 2011-2012
<ul style="list-style-type: none"> Starfsfólk mötuneytis noti hárnét og hanska við framreiðslu máltíða 	Matráður	Lokið	Keypt séu hárnét og hanskar fyrir starfsmenn.	Eftirfylgni matráðar og stjórnenda
<ul style="list-style-type: none"> Minnka hávaða í mötuneyti nemenda 	Matráður, starfsfólk mötuneytis og umsjónarkennarar	Í vinnslu, lokið haust 2012	Nota hávaðamæli sem staðsettur er í mötuneyti. Umsjónarkennarar kynni fyrir nemendum. Tennisboltar á stóla, plastdiskar. Tónlist í sal. Keppni milli bekkja í matsal – bekkur mánaðarins	Niðurstöður nemendakönnunar 2011-2012

<ul style="list-style-type: none"> • Bjóða nemendum á elsta stigi kaup á stökum máltíðum í mótuneyti 	Matráður/ritari	Haust 2012	Útbúa þarf miða- og sölukerfi	Fylgjast með fjölda seldra máltíða
<ul style="list-style-type: none"> • Kynna nemendum heimasíðu skólans 	Umsjónarkennarar / deildarstjórar fylgi því eftir	Febrúar 2012	Umsjónartími. Virkja nemendur	Niðurstöður nemendakönnunar 2011-2012
<ul style="list-style-type: none"> • Virkja nemendur í að nota Mentor 	Umsjónarkennarar / deildarstjórar fylgi því eftir	Febrúar 2012	Umsjónartími. Setja svör við verkefnum inn á Mentor.	Niðurstöður nemendakönnunar 2011-2012
<ul style="list-style-type: none"> • Draga úr prófkvíða nemenda 	Nemendur / Námsráðgjafi/ umsjónarkennari	Haust 2012	Lífsleiknitími eða aðrar kennslustundir. Lengja prófatíma nemenda með prófkvíða – tvöfaldir tímar í stundatöflum á elsta stigi	Niðurstöður nemendakönnunar 2011-2012
<ul style="list-style-type: none"> • Kynna starf námsráðgjafa fyrir nemendum á yngri stigum skólans 	Námsráðgjafi í samráði við deildarstjóra	Vor 2012	Lífsleiknitími eða aðrar kennslustundir. Senda kynningarbréf heim í tölvupósti	Niðurstöður nemendakönnunar 2011-2012
<ul style="list-style-type: none"> • Kennarar skrái heimavinnu ávallt í Mentor 	Kennarar	Febrúar 2012	Mentor – hlusta á sjónarmið nemenda	Eftirfylgni stjórnenda /Niðurstöður

með raunhæfum fyrirvara	<ul style="list-style-type: none"> Kynna Uppbyggingarstefnuna betur fyrir öllum nemendum (sérstaklega nemendum unglíngastígs) og gera þá meðvitaða um hugtök sem unnið er með 	Umsjónarkennarar / Uppbyggingarteymi	Mars 2012	Nýta kennslustundir til kynninga og vinnu. Stýrihópur fylgist með hvað er gert með hverjum árgangi – mótuð stefna varðandi hvað skal gert.	nemendakönnunar 2011-2012 Eftirfylgni stjórnenda / Uppbyggingateymis /Niðurstöður nemendakönnunar 2011-2012
	<ul style="list-style-type: none"> Undirbúa þarf nemendur fyrir kannanir – hugtök og annað sem máli kann að skipta – forprófun 	Stjórnendur / umsjónarkennarar	Mars 2012	Kennslustund og eldri kannanir	Eftirfylgni stjórnenda eftir fyrirlögn kannana
	<ul style="list-style-type: none"> Markviss stefna skólans varðandi heimanám 	Stjórnendur, árgangastjórar, fagstjórar og námsráðgjafi	Vor 2012	Fyrirlestrar og fundir	Skólanámskrá haust 2012
	<ul style="list-style-type: none"> Kennarar kynni fyrir hver öðrum kennsluhætti og góð verkefni 	Kennarar	Vorönn 2012	Mánudagsfundir	Fjöldi kynninga
		Stjórnendur	Haust 2012	Laga til á listanum,	Nemenda/foreldra-

<ul style="list-style-type: none"> • Einfalda Leiðsagnarmat • Auka aðgengi að umsjónarkennurum 	Umsjónarkennarar	Janúar 2012	einfalda fyrir yngri Staðsetning í viðtalstíma sé nemendum og ritara ljós svo nemendur geti leitað til þeirra, kynna fyrir nemendum	könnun Nemenda/foreldra-könnun
<ul style="list-style-type: none"> • Bókasafn – skoða þjónustu og starfssemi 	Stjórnendur og bókavörður	Vorönn 2012	Endurskoðun þjónustu	Nemendakönnun